

Reglur um sölu eigna í eigu Dalvíkurbyggðar

Markmið þessara reglna er að skýra hvernig staðið er að sölu eigna í eigu Dalvíkurbyggðar. Sala á öðrum fasteignum í eigu sveitarfélagsins en íbúðir, s.s. stofnanir, falla ekki undir þessar reglur.

Vegna íbúða í eigu Dalvíkurbyggðar er það stefna sveitarfélagsins að eiga lágmarksfjölda íbúða og nýta þau úræði sem sveitarfélagið hefur uppá að bjóða hverju sinni, s.s. sérstakar húsaleigubætur.

Almennar reglur og viðmið:

- Ákvörðun um sölumeðferð eigna er hjá byggðarráði (sem er jafnframt stjórn Félagslegra íbúða og Eignasjóðs) en framkvæmd í höndum sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og sveitarstjóra.
 - Sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs skal að jafnaði setja í sölu þær íbúðir sem koma til innlausnar, eða fella undir önnur úrræði. Vinnuhópur um leiguhúsnæði Dalvíkurbyggðar skal senda sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs upplýsingar um íbúðir sem koma til innlausnar.
 - Sé um sölufarli skráðra bifreiða eða vinnuvéla að ræða skal sala fara fram í gegnum löggiltan bílasala.
 - Sala annara eigna má fara fram á heimasíðu Dalvíkurbyggðar eða með öðrum þeim þætti sem best þykir hverju sinni og verður hæsta boði að jafnaði tekið.
- Sveitarfélagið krefst fullnaðargreiðslu við sölu eigna og lánar ekki hluta kaupverðs til bjóðanda.
- Eignir í eigu Dalvíkurbyggðar skulu seldar í því ástandi sem þær eru að undangenginni auglýsingu og skulu líða 7 virkir dagar frá því auglýsing birtist þar til tilboðum er svarað.
- Mat á tilboðum í íbúðir skal byggt á verðmati fasteignasala og skulu tilboð koma í gegnum fasteignasölu. Mat á tilboðum í bifreiðar og vinnuvélar skal byggt á

verðmati bílasala og skulu tilboð koma í gegnum bílasölu. Sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs hefur umboð til að hafna tilboðum og gera gagntilboð í samráði við sveitarstjóra. Öll tilboð sem koma í íbúðir eigu sveitarfélagsins skulu koma til kynningar í byggðarráði.

5. Leigjendum þeirra íbúða sem ákveðið hefur verið að selja skal gerð grein fyrir því með ábyrgðarbréfi að gildandi húsaleigusamningur verði ekki endurnýjaður vegna áforma um sölu á viðkomandi íbúð.
6. Ákvörðun um sölu íbúða, sem byggist á uppsögn Dalvíkurbyggðar, skal samþykkt af byggðarráði.
7. Hafi leigjandi búið í tvö ár eða lengur í íbúð í eigu Dalvíkurbyggðar öðlast hann þar með kauprétt að íbúðinni ef sveitarfélagið hefur tekið ákvörðun um sölu íbúðarinnar við lok leigutímans eða við uppsögn á leigusamningi samkvæmt húsaleigulögum. Sveitarfélagið skal gefa leigjanda kost á að gera kauptilboð í íbúðina áður en hún er sett á almennan markað. Kauptilboð skal hafa borist sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs a.m.k. 30 dögum áður en leigusamningur viðkomandi rennur út. Miða skal við verðmat löggilts fasteignasala þegar kauptilboð frá leigjendum eru metin. Sé kauptilboð leigjanda lægra en slíkt verðmat getur sviðstjóri fjármála- og stjórnmálasviðs lagt fram gagntilboð og hefur leigjandi sjö daga til að taka afstöðu til þess. Náist ekki samningar skal íbúðin auglýst á hefðbundinn hátt og nýtur leigjandi þá ekki forkaupsréttar eða annars réttar í söluférlinu umfram aðra tilboðsgjafa.
8. Kauptilboð í fasteignir, bifreiðar og vinnuvélar skulu lögð fyrir byggðarráð til samþykktar. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs eða sveitarstjóri geta selt aðrar eignir án staðfestingar byggðarráðs.
 - a. Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum áskilur byggðarráð sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er og hafna hvaða tilboði sem er með heildarhagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Samþykkt á 1142. fundi byggðarráðs Dalvíkurbyggðar þann 13. mars 2025.

Samþykkt á 378. fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 18. mars 2025.